



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um skráningu lögheimilis í íbúðum Félagsbústaða

Þann 26. apríl 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um skráningu lögheimilis í íbúðum Félagsbústaða:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort það séu einhverjar íbúðir á vegum Félagsbústaða þar sem ekki er hægt að skrá lögheimili sitt?*

**Svar:**

Það eru alls 13 íbúðir í eigu eða á vegum Félagsbústaða þar sem ekki er unnt að skrá lögheimili. Annars vegar eru það fjórar íbúðir á Fiskislóð sem eru staðsettar á lóð sem ekki er ætluð til búsetu. Hins vegar eru níu íbúðir á Sóleyjargötu í húsnæði sem skráð er gistihús.

Þrátt fyrir að ekki sé unnt að skrá lögheimili á viðkomandi stöðum fá leigjendur sem þar eru opinberan húsnæðisstuðning. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á heimilisuppbót frá Tryggingastofnun ríkisins fá undarpágu frá Tryggingastofnun til greiðslu hennar með því að miðstöðvar Reykjavíkurborgar staðfesta til Tryggingastofnunar að húsnæðið sem um ræðir sé í eigu Félagsbústaða.